

## Önnur mál - DNA Foreldragreining

Tillaga 12 ræktenda verður lögð fyrir fundinn til samþykktar. Ný stjórn fær þá tillöguna til framkvæmdar verði hún samþykkt.

"Stjórn HRFÍ er falið að uppfæra reglur um skráningu í ættbók á þann veg að við ættbókarskráningu skuli fylgja staðfesting á erfðagrunni (DNA) beggja foreldra. Sýni skulu tekin af dýralækni sem áframsendir þau á rannsóknarstofu sem félagið viðurkennir. Telur hópurinn að með þessu móti fái smám saman gagnagrunnur yfir öll ræktunardýr innan HRFÍ sem verður hægt að nýta ef staðfesta þarf ætterni afkvæma".

Tólf ræktendur innan félagsins kvitta fyrir erindinu.

Stjórn óskaði eftir upplýsingum frá Matís. Tímarammi við greiningu eru 4 vikur í afgreiðslu niðurstaðna og listaverð er 14.100kr + vsk per sýni, en mögulega má lækka kostnað. Stjórn hefur ekki farið í þá vinnu að kanna erlendar stofur.